

Ed.

705. Lög

um lendingarbætur í Þorlákshöfn.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

1. gr.

Til lendingarbóta í Þorlákshöfn skal úr rikissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefir samþykkt, þegar fje er til þess veitt í fjárlögum, alt að 80000 kr., gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Árnassýslu að jafnri tiltölu og sýslusjóður Árnassýslu leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs alt að 80000 kr. lán, er sýslusjóður Árnassýslu kann að taka til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að yfirumsjón verksins og reikningshald sje falið manni, er atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Eigendur Þorlákshafnar leggi fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs-, iveru- og fiskhúsa, alt að 15000 m², svo og land undir þrautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, ennfremur grjót, möl og önnur jarðefni, og þoli bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sjer.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða nálægt lendingarbótunum má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, nje heldur halda þar út bátum til útgerðar, nema samþykki sýslunefndar Árnassýslu komi til.

Brot gegn þessu varða sektum, 1000–10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3 menn, er sýslunefnd Árnassýslu kys. Skulu þeir kosnir til þriggja ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Sýslusjóður Árnassýslu ábyrgist skuldir sjóðsins og sýslunefnd er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Sýslunefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir nje taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, nje endurnýja slík lán,

og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjana og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Þorlákshafnar alt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er út til fiskiveiða í Þorlákshöfn, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkv. 12. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. desember ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hann atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á umliðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem sýslunefnd Árnessýslu semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um alt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.